



Borgarráð

Stýrihópur um heildstæða innkaupastefnu

Hjálagt erndisbréf stýrihóps um heildstæða innkaupastefnu er lagt fram til samþykktar. Óskað er eftir því að borgarráð skipi þrjá fulltrúa í stýrihópinn. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða innkaupastefnu í víðum skilningi fyrir Reykjavíkurborg, sérstaklega með tilliti til Græna plansins og loftslagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Sjálfbær innkaup er eru skilgreind sem ferli þar sem stofnanir og fyrirtæki uppfylla þarfir sínar fyrir vörur, þjónustu og verk á þann hátt að ná fjárhagslegum ávinningi fyrir fyrirtækin sem og samfélagið með sem minnstum skaða fyrir umhverfið.

Í sjálfbærum innkaupum er mikilvægt að huga að þremur þáttum sem tengjast, þ.e. efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg sjónarmið. Ríki standa frammi fyrir ólíkum áskorunum og þar af leiðandi hefur verið mismunandi á milli ríkja hvaða áherslur hafa verið í forgrunni við skilgreiningu á grænum og sjálfbærum innkaupum. Sjálfbærar forsendur geta verið breytilegar og sem dæmi má nefna líftíma- eða vistferilskostnað sem nú er heimilt að nýta við val í innkaupaferli og er sérstök áhersla lögð á þann möguleika í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Einnig getur komið til stuðningur við nýsköpun sem og stuðningur við staðbundna framleiðslu.

Umhverfiskröfur geta falið í sér margvíslega þætti, svo sem orku og vatnsaflsvirkni, endurunin og lífræn efni, lágt kolefnisfótspor, framleiðslu með endurnýjanlegri orku eða „lífrænar“ aðferðir, hreinleika í framleiðsluferli, lengri líftíma og minnkað eitrað innihald svo dæmi séu tekin.

Félagsleg viðmið geta falið í sér að horfa þarf á fjárhags- og umhverfisþætti sem víkjandi þætti við mat á hvort kaupa eigi vörur, þjónustu eða verk. Í stað þess getur verið áhersla á kaup á vörum sem framleiddar eru af minnihlutahópum, t.d. fólk með skerta starfsorku, eða áhersla á kaup af fyrirtækjum sem hafa það í stefnu sinni að framleiðsla og sala sé viðurkennd t.d. með „sanngjörnum viðskiptum (e. fair trade)“ eða öðrum viðurkenndum samfélagslega ábyrgum merkingum.

Verulegra breytinga er að vænta í innkaupaumhverfi Reykjavíkurborgar með samþykkt laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Ákvæði laganna taka gildi á mismunandi tímum til að gefa sveitarfélögum tíma til að aðlagja verklag að breyttu umhverfi. Sértekar innkaupareglur Reykjavíkurborgar munu aðeins gilda yfir kaup á vörum og þjónustu undir 15,5 milljónum og verkum undir 49 milljónum króna. Heimildir eru fyrir hendi í nýju lögnum til að taka tillit til félagslegra sem og umhverfislegra þátta í innkaupum og lögð áhersla á að opinberir aðilar leitist við að nýta þessar heimildir. Við endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar þarf að meta hvort ástæða sé til að setja fram skilyrði um að hugað sé að aukinni sjálfbærni

við kaup á ákveðnum tegundum innkaupa.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf stýrihóps um heildstæða innkaupastefnu.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um heildstæða innkaupastefnu Reykjavíkurborgar

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða innkaupastefnu í víðum skilningi í Reykjavík. Stefnan taki mið af annarri samþykktri stefnumótun borgarinnar, sér í lagi Græna planinu og loftslagsáætlun. Í vinnu sinni byggir stýrihópurinn á þeim skýrslum og úttektum sem þegar hafa verið unnar innan borgarkerfisins til viðbótar við utanaðkomandi rannsóknir, þekkingu og reynslu hérlendis sem erlendis.

Markmið stefnu:

- Sjálfbærni í innkaupum borgarinnar hvað efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg sjónarmið varðar.
- Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki.
- Jafnræði og fjölbreytileiki hvað varðar aðila sem borgin kaupir vöru og þjónustu af.
- Stærðarhagkvæmni borgarinnar verði nýtt til að ná fram hagstæðum samningum.
- Önnur markmið sem stýrihópurinn metur sem mikilvæg.

Helstu verkefni:

- Að gera tillögu um heildstæða innkaupastefnu Reykjavíkurborgar.
- Að stuðla að sjálfbærum innkaupum með áherslu á endurnýtingu og hringrásarhagkerfið.
- Að skoða hvernig má halda betur utan um minni innkaup.
- Að skilgreina hvernig upplýsingamiðlun eigi að vera háttað innan borgarkerfisins til að stuðla að hagkvæmum innkaupum.
- Að endurskoða nýlegar breytingar á innkaupareglum sem ganga enn lengra en lög kveða á um og meta reynsluna.
- Að gera tillögu um endurskoðaðar innkaupareglur í samræmi við nýja innkaupastefnu, m.a. skal metið hvort ástæða sé til að setja skilyrði um að hugað sé að aukinni sjálfbærni í ákveðnum tegundum innkaupa.
- Að yfirfara verkferla til að tryggja að öll innkaup borgarinnar taki mið af samþykktri stefnumótun.
- Að gera tillögu um innleiðingaráætlun.

Stýrihópurinn skipa:

Þrjú fulltrúar skipaðir af borgarráði.

Starfsmenn:

Fulltrúar innkaupaskrifstofu og fjármálaskrifstofu starfi með hópnum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð stefnunnar skal haft samráð við notendur þjónustunnar og aðra hagsmunaaðila. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og hafi reglur Reykjavíkurborgar um stefnur og stefnumarkandi áætlanir til hliðsjónar.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok september 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson